

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýrá- og Borgarfjarðarsýslu um skifting Borgarhrepps í tvö sveitarfjelög. **62**

26. mars

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 19. p. m., hefir hingað borist ányjað erindi frá hreppsnefndinni í Borgarhreppi um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndar Mýrasýslu með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Borgarhreppi í Mýrasýslu skal skift í tvö sveitarfjelög, og skulu takmörkin milli hinna nýju hreppa vera þessi: Frá Borgarfirði að austan ræður Grímólfskelda norðvestur í Þorsteinsstapa, þaðan sama stefna í stapa vestan neðri enda Vindáss, þaðan efst yfir Snöggholt í grjótvörðu vestan til á Rjettarási, þaðan suðvestur sunnanvert við Klaufarselás í grjótvörðu á flóasundi norðvestur frá Selásbrekku, þaðan bein lína suður um Klaufarholt í Engjaás, þaðan suðaustur að flutningabrautinni og meðfram henni að Löngubrekku, þaðan um Granastadahól beint í Borgarvíkurhorn. Neðri hlutinn skal heita Borgarneshreppur, en efri hlutinn halda nafninu Borgarhreppur. Að sjálf-sögðu fylgja Brákareyjar báðar Borgarneshreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Borgarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó skal ellistyrktarsjóði hins núverandi hrepps skift eftir tölu gjaldskyldra til alþýðu- og ellistyrktarsjóðanna í hvorum hreppshluta fyrir sig um síðastliðin 5 ár.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skoríð af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Borgarhreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um sveitfesti þurfalings. **63**

29. mars

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 18. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Breiðuvíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 20. des. f. á., sem ákveður, að ekkjan Kristjana Sigurðardóttir skuli teljast sveitlæg í tjeðum hreppi.